

Nr. 323

3. apríl 2006

## AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis  
á sameiningu Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps  
í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 3. apríl 2006 staðfest sameiningu Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Selfossi í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákvæðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórnar, nr. 5/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákvæðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar, sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega, samhlíða sveitarstjórnarkosningunum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. apríl 2006.*

**Jón Kristjánsson.**

*Róbert Ragnarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2006